MENNING



Morgunblaðið/Frikki

Yrsa Herjar á Bretlandsmarkað.

„Myrk, djúp og ísköld“

Yrsa fær góða dóma í breskum fjölmiðlum

GLÆPASAGA Yrsu Sigurðardóttur, *Þriðja táknið*, heldur áfram að sigra heiminn og nú er komið að Bretlandi, sala á bókinni hefst þar í landi í dag. Breskir fjölmiðlar hafa margir farið fögrum orðum um bókina, segja hana m.a. fyndna og áhugaverða, hlaðna spennu og glæsilega frumraun.

Sunday Telegraph segir það vekja athygli hversu margir góðir glæpasagnahöfundar séu frá Íslandi miðað við smæð þjóðarinnar. Sagan sé heillandi og þá óvenjulegt að ung kona sé spæjarinn í sögunni en ekki þunglyndur lögreglumaður. *Þriðja táknið* sé fullkomin frumraun.

Kvennaritið *Woman and Home* segir bókina einnig glæsilega frumraun, hlaðna spennu og gagnrýnandi *Guardian* segir það koma á óvart að bókin sé fyndin miðað við hvað söguefnið er myrkt.

Bókmenntatímaritið *Literary Review* segir söguna upplýsandi og áhugaverða, lofandi upphaf að seríu.

Metsöluhöfundurinn Mark Billingham, sem skrifar einmitt glæpasögur, var beðinn af bókabúðakeðjunni Borders að velja uppáhaldsskáldsögurnar sínar og var *Þriðja táknið* þeirra á meðal.

Billingham segir Arnald Indriðason hafa vakið athygli á íslenskum glæpasögum þegar hann vann Gullrýtinginn árið 2005 og *Þriðja táknið* eigi skilið að slá í gegn. „Myrk, djúp og ísköld eins og íslenskur fjörður,“ segir Billingham. Bókin heitir í enskri þýðingu *Last Rituals*.

Yrsa er byggingarverkfræðingur að mennt og starfar sem slíkur við framkvæmdaeftirlit á Kárahnjúkum auk þess að stunda ritstörf. Hún hefur skrifað þrjár glæpasögur.

Myndlist

Hljóðverkið Pong afhjúpað



Elín Helena Evertsdóttir

ELÍN Helena Evertsdóttir opnar sýningu í Galleríi Start Art í dag kl. 17. Sýningin ber titilinn *Pong* og verður á Loftinu í listamannahúsinu Start Art, Laugavegi 12b.

Elín Helena mun afhjúpa þar hljóðverkið *Pong*, en opnunin stendur milli 17 og 19. Elín Helena Evertsdóttir lauk mastersnámi í myndlist frá The Glasgow School of Art árið 2005 og útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2001. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið nokkrar einkasýningar.

Opið er í Start Art þri.-lau. kl. 13-17.

Myndlist

Miðstöð myndlistar á Austurlandi



Skaftfell

MIÐSTÖÐ myndlistar á Austurlandi, Seyðisfirði, opnar sýninguna Íslensk myndlist – hundrað ár í hnotskurn.

Sýningin er unnin í samvinnu við Listasafn Íslands og spannar tímabilið 1902-2004 í íslenskri myndlist. Á sýningunni eru 21 verk úr safneign Listasafns Íslands, bæði olíumálverk, verk unnin á pappír og þrívíð verk. Verkin á sýningunni endurspegla ákveðinn tíðaranda og hugmyndafræði en ekki einstaka listamenn né þróun þeirra. Þannig er reynt að gefa mynd af þróun myndlistar í íslensku samfélagi á 20. öld og auka skilning á samtímalist. Opnunin verður 12. janúar kl. 16.

Tónlist

Svellandi valsar og spriklandi polkar



Hulda Björk Garðarsdóttir

TÓNLEIKARÖÐ Kópavogs í Salnum, verður haldin laugardaginn 12. janúar og hefst kl. 17. Þetta er fimmta árið í röð sem Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar fagnar nýju ári með glæsilegum Vínartónleikum í Salnum. Að þessu sinni hefur þetta einvalalið hljóðfæraleikara fengið til liðs við sig sópransöngkonuna Huldu Björk Garðarsdóttur. Uppselt er á tónleikana í Salnum en tónleikarnir verða endurfluttir daginn eftir, sunnudaginn 13. janúar kl. 15 á vegum Tónlistarfélags Reykjanesbæjar í Listasafni bæjarins. Þar fer einnig fram sala aðgöngumiða.

Feneyjasýning Steingríms Eyfjörð, Lóan er komin, opnuð í Hafnarhúsinu

Goðsöguleg vídd lóunnar

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is

LÓAN er komin. Steingrímur Eyfjörð myndlistarmaður opnar í Hafnarhúsinu klukkan 17 í dag sýningu með sömu verkum og voru framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins í fyrrasumar. Fékk sýning Steingríms, sem haldin var í aldagamalli byggingu, talsverða athygli í Feneyjum og töldu sumir erlendir gangrýnendur hana með því athyglisverðasta. Í kjölfarið var Steingrími boðinn samningur við virt gallerí í New York, Max Protetch.

Í gær var Steingrímur önnum kafinn, ásamt hópi aðstoðarmanna, við að koma sýningunni um lóuna fyrir í sal Hafnarhússins. Veggirnir hafa verið málaðir dökkir og þarna tekur stór lóa á móti gestum, á gólfi eru líka togklippur, kró huldukindar, skór huldumanns, módel af húsi Benedikts Gröndals skálds, myndir af vefnaði álfa, „pinhole“-myndavélar úr morgunkornspökkum og myndir sem voru teknar með þeim af álfaklettum, veggverk með textum og ljósmyndum, Ólöf Arnalds syngur á myndbandi – í þessari innsetningu er ótalmargt, en í grunninn er skoðun á ýmiskonar þjóðtrú.

„Við máluðum veggina svona dökka til að fá svipaða stemningu og úti. Það virkar vel. Þetta er eins og í kirkju,“ segir Steingrímur kíminn þar sem hann stendur við lóuna og horfir inn eftir salnum.



Morgunblaðið/Einar Falur

Hús skálds „Gröndalshús var exótískt í Feneyjum en hér er það frekar pólitískt,“ segir Steingrímur Eyfjörð um eftirmynd af húsi Bendikts Gröndal.

Táknmynd vonarinnar

„Lóan er táknmynd þessarar sterku vonartilfinningar íslensku þjóðarinnar, biðarinnar eftir hækkandi sól og hlýrri dögum. Biðin eftir lóunni hefur öðlast goðsögulega vídd með þjóðinni. Fólk verður svo glatt þegar það fréttir að lóan sé komin, það er alltaf eins og menn hafi haldið að hún kæmi alls ekki.

– Þetta er okkar heimur, brot úr þjóðarsálinni,“ segir hann þegar ég spyr um þær rannsóknir á þjóðtrú sem birtast þarna. „Ég fékk annars tölvupóst frá ítalskri konu um daginn, sem talaði um að sýningin hefði alþjóðlega skírskotun, þótt hún sé á þjóðlegum forsendum. Þá er þetta orðið „glocal!“ – „global“ og „local“ í senn.“

Steingrímur leiðréttir notkun mína á orðinu rannsókn, segir þetta vera listaverk – drifkrafturinn sé ekki vísindalegur eða dularfullur. „Þetta eru tilfinningaleg verk, samansafn ýmiskonar þátta.“ Hann segir verkin verða til í gegnum langt ferli, og samþykkir að „ferli“ sé lykilorð í þessari sköpun. „Ég tala við fólk, heyri eitthvað, einhver segir mér eitthvað og ég nota það sem hluta af verkinu. Þau eru mjög opin.

Þetta er margradda miðill, myndlistin, og lífrænar tengingar innan hennar.“

Samstarfið við Max Protetch-galleríið í New York kom þannig til að stjórnandinn kom á sýninguna í Feneyjum og varð það hrifin að hún bauð Steingrími strax að sýna. „Þeir eru að steypa tvö gifsverk eftir mig í brons, verk sem ég set upp þar í maí. Svo er ég farinn að undirbúa sýningu í aðalrými gallerísins. Þátttakan í Feneyjum skilaði þessu.“

Í HNOTSKURN

» **Sýning Steingríms Eyfjörð, Lóan er komin, naut umtalsverðrar athygli í Feneyjum í sumar.**

» **Innsetningin samanstendur af 13 sjálfstæðum verkum; ljósmyndum, skúlptúrum, textum, teikningum, myndböndum og fleiri miðlum.**

» **Steingrímur rýnir í menningararfleifð Íslendinga og fléttar saman ólíka þræði.**

» **Hann vinnur nú að þátttöku í sýningum fyrir Max Protetch-galleríið í New York.**

Eldfimur áhugi á myrkrinu

■ Myrkir músíkdagar verða haldnir í byrjun febrúar í 28. sinn ■ Geir Draugsvoll meðal gesta ■ 30 tónverk frumflutt

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

„ÁSÓKNIN í að spila á hátíðinni er orðin svo mikil að við erum þegar farin að skipuleggja dagkrána 2009 og 2010,“ segir Kjartan Ólafsson tónskáld og formaður Tónskáldafélags Íslands, sem nú heldur Myrka músíkdaga í 28. skipti.

Myrkir músíkdagar verða haldnir 3.-10. febrúar, frá sunnudegi til sunnudags, og verða margir tónleikar á dag. Laugarborg í Eyjafirði á í samstarfi við Myrka músíkdaga og þar verða tónleikar á vegum hátíðarinnar.

Kjartan Ólafsson segir að allajafna séu flutt um 70 verk á hátíðinni og að í ár megi gera ráð fyrir því að um 30 verk verði frumflutt.

Meðal erlendra gesta á hátíðinni verður norski harmónikusnillingurinn Geir Draugsvoll sem mun flytja tónlist undir þöglu kvikmyndinni *Nosferatu*, en tónleikarnir eru samstarfsverkefni hátíðarinnar og kvikmyndafélagsins Deus ex cinema. Að sögn Kjartans koma margir fremstu tónlistarmenn okkar fram á hátíðinni. „Þar má nefna Caput og Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Blásarasveit Reykjavíkur, Einar Jóhannesson, Lúðrasveit Reykjavíkur og marga fleiri.“

Kjartan segir Myrka músíkdaga stækka mjög hratt. „Hingað koma erlendir skríbentar að venju til að skrifa um hátíðina. Hún vekur athygli erlendis og er vaxandi hér líka. Við þurfum að passa að hún springi ekki í höndunum á okkur, hún vex svo hratt,“ segir Kjartan.

„Blásarasveit Reykjavíkur er að ryðja sér til rúms sem stöðluð sveit í tónlistarlífi okkar; það verða tvennir blásaratónleikar; með henni og með Lúðrasveit Reykjavíkur. Við verðum líka með blokkflaututónleika með elektróník, þar sem Camilla Söderberg flytur meðal annars eigin verk. Camilla snýr sér nú æ meir að tónsmíðum auk þess að vera einn fremsti blokkflautuleikari á norðurslóðum.“

Austurríska tónskáldið Klaus Ager verður gestur hátíðarinnar og verður með fyrirlestra í Listaháskólanum, en verk eftir hann verða flutt á tónleikum Caput. Ager kom hingað síðast í sumar og var þá gestur á Sumartónleikum í Skálholti.

Kjartan nefnir nýjan málmblásarakvintett sem kemur fram á hátíðinni, en Eiríkur Örn Pálsson trompetleikari er í forsvari fyrir hann. Fjórir kammerhópar, skipaðir ungu tónlistarfólki, leika á hátíðinni; Kammerhópurinn Njúton, Adapter, Dúó plús og Trio Lurra. „Þetta eru blandaðir hópar, skipaðir yngstu kynslóð tónlistarmanna en þau flytja ný verk með nýjum og skemmtilegum blæ,“ segir Kjartan. Helga Þórarinsdóttir verður með einleikstónleika þar sem hún frumflytur ný verk fyrir víólu. Margrét Bóasdóttir og Gerður Bolladóttir verða hvor með sína söngtónleikana, og fjölvíðir raftónleikar verða í Salnum, eins og verið hefur á síðustu Myrkum músíkdögum. „Þeir eru hafðir síðla kvölds þegar búið er að slökkva ljósin í herbergjum betri borgara,“ segir Kjartan.



Draugar og vampírur Geir Draugsvoll þykir einn mesti harmónikkusnillingur dagsins í dag. Á Myrkum músíkdögum leikur hann við klassísku bíómyndina um vampíruna Nosferatu í samvinnu við Deus ex cinema.